

Fundargerð 16. fundar

Verkefnastjórnar hjúkrunarheimilisins að Sólvangi.

Árið 2016, fimmtudaginn 4. ágúst, kl. 16:30 kom verkefnastjórn hjúkrunarheimilisins saman að Sólvangi, Hafnarfirði.

Fundinn sátu: Helga Ingólfssdóttir, Guðlaug Kristjánsdóttir, Elísabet Valgeirsdóttir, Sigurður P. Sigmundsson, Birna Ólafsdóttir og Gylfi Ingvarsson.

Að auki sátu fundinn Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskylduþjónustu sem ritaði fundargerð.

1. Skrifað var undir samninga um hönnun og ráðgjöf vegna hjúkrunarheimilisins. Að undangengnu útboði var ákveðið að ganga til samninga við fyrirtækið Úti og Inni sf. Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu skrifaði undir samninginn fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar og Baldur Ól Svavarsson og Jón Þór Þorvaldsson fyrir hönd Úti og Inni sf.
2. Stefán B. Veturliðason verkefnastjóri uppbyggingar heimilisins fór yfir verkáætlun. Verklök eru áætluð í apríl 2018. Endanleg verkáætlun mun verða lögð fram á næsta fundi verkefnastjórnar.
3. Bréf frá lögmonnum Thorsplani, lagt fram, sjá fylgiskjal
4. Stefnt er að því að hönnunarfundir verði einu sinni í viku og verða fundir á fimmtudögum kl. 16:00. Forteikning skal liggja fyrir 25. ágúst.

Fundi slitið 17:30